

**Nr. 028 / 16 Gunnar Bjarnason SH 122*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2462  
Smíðaður: Kína 2001, stál  
Stærð: 100 brl. 122 bt.  
Mesta lengd: 23,99 m Skráð lengd: 21,64 m  
Breidd: 6,4 m Dýpt: 3,2 m  
Vél: Cummins 448 kW, 2000  
Fjöldi skipverja: 5



Gunnar Bjarnason©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrslur  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 25. apríl 2016 var Gunnar Bjarnason SH 122 á dragnótaveiðum á Breiðarfirði. Veður: A 2-3 m/sek

Skipverjar voru að hefja veiðar og undirbúa að láta dragnótina fara þegar einn þeirra féll um veiðarfæri með þeim afleiðingum að hann fór út axlarlið. Siglt var með slasaða í land.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn rak tána í grandaragúmmí og féll fram fyrir sig og lenti á hægri hendinni sem hann bar fyrir sig;
- að slasaði sagðist hafa lent á göngugrind í þilfarinu.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.